

Ár 1997, miðvikudaginn 22. janúar, var í málinu nr. 7/1996 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r

Málavextir eru þeir, að með bréfi dags. 18. júní 1996 kærði Sigurður H. Einarsson, kt. 100556-2439, Flúðaseli 93, 109 Reykjavík, úrskurð Fasteignamats ríkisins, dags. 9. apríl 1996, vegna álagningar á sumarhús og landspildu í landi Vesturholts, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. Í bréfi kæranda segir m.a.:

„Ég undirritaður vil hér með kæra úrskurð dagsettann (sic) 09.04.96 frá umdæmisskrifstofunni Selfossi og þá sérstaklega að álagningarstofn fasteignamats vegna sumarhúss er enn óbreyttur þ.e. 2.422 þús. Einnig bið ég ykkur að taka til athugunar lóðamat sem er 543 þús. Eins og ég útskýrði í bréfi til umdæmisskrifstofu á Selfossi eru einungis 0.5 ha. sem nýtast bústaðnum, hitt er óræktanlegur mýrarsvakki, sem ég fékk og ætla að láta ósnertan þar sem þetta er orðið eitt fárra svæða þarna, sem vaðfuglar eiga gríðland í.

Einnig óska ég eftir upplýsingum um hvað fellst (sic) í álagningarstofninum og hvernig hann er reiknaður.“

Með bréfi til hreppsnefndar Vestur-Eyjafjallahrepps dags. 22. ágúst 1996 var óskað umsagnar um kæru þessa. Í svarbréfi nefndarinnar dags. 13. september 1996 segir svo m.a.:

„Hreppsnefnd telur mat á téðri lóð ekki óeðlilegt miðað við aðrar sumarhúsalóðir í hreppnum. Um mat á fasteignamati sumarhússins telur hreppsnefnd sig ekki umkominn (sic) að gera athugasemdir.“

Með bréfum Yfirfasteignamatsnefndar dags. 5. desember 1996 til kæranda og oddvita hreppsnefndar var boðað til vettvangsgöngu hinn 13. desember 1996. Fór vettvangsgangan fram þann dag.

Mættur var fyrir hönd kæranda Lárus Ágústsson, Indriðakoti, og af hálfu hreppsnefndar Vestur-Eyjafjallahrepps Viðar Bjarnason, Ásólfskála. Var gengið um landið og það skoðað.

Í kæru sinni til Fasteignamats ríkisins dags. 14. janúar 1996 kærði kærandi einungis mat á lóðinni en ekki mat á sumarhúsinu. Sá Yfirfasteignamatsnefndin því ekki ástæðu til þess að skoða sumarhúsið vegna þess að vísa verður kærinni frá Yfirfasteignamatsnefnd að því er varðar sumarhúsið.


Með hinum kærða úrskurði dagsettum 9. apríl 1996 var fasteignamat lóðarinnar lækkað úr 1.242 þús. krónum niður í 543 þús. krónur. Fallast má á það með kæranda að verulegur hluti landsins er mýrarsvakki. Með tilliti til þess og annarra atriða sem áhrif hafa á matið telur Yfirfasteignamatsnefnd að lækka beri matið á lóðinni niður í kr. 450.000.

Kærandi óskar þess, að Yfirfasteignamatsnefndin upplýsi hvað felist í álagningarstofninum og hvernig hann sé reiknaður. Telur Yfirfasteignamatsnefndin eðlilegast að kærandi snúi sér til Fasteignamats ríkisins varðandi þær upplýsingar.


Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærunni er vísað frá að því er varðar sumarhúsið.

Fasteignamat lóðar í fasteignamati því er tók gildi hinn 1. desember 1995 skal vera kr. 450.000.


Guðný Björnsdóttir


Pétur Stefánsson


Agnar Gústafsson